

Ár 2014, mánudaginn 30. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, ÁTVR

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, ÁTVR er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum, sbr. 13. tölulíð 1. mgr. 22. gr. sömu laga. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstjóranum laun.

II.

Kjararáð ákvað forstjóra ÁTVR laun þann 26. júní 2012, sbr. ákvörðun kjararáðs nr. 2012.4.016, en tilefni þeirrar ákvörðunar var ný löggjöf um verslun með áfengi og tóbak nr. 86/2011. Í kjölfarið kvartaði forstjórinn til umboðsmanns Alþingis sem skilaði álitinu sínu þann 26. nóvember 2013. Meginniðurstaða umboðsmanns var að rökstuðningur fyrir ákvörðuninni hefði ekki verið í samræmi við 22. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Í niðurlagi álitsins beinir umboðsmaður þeim tilmælum til kjararáðs að það taki mál forstjórans að nýju til meðferðar komi fram beiðni um það frá honum.

Kjararáði barst bréf dagsett 18. desember 2013 frá forstjóra ÁTVR. Með bréfinu fer forstjórinn fram á að kjararáð taki upp ákvörðun sína frá 26. júní 2012 um laun og starfskjör forstjóra ÁTVR í ljósi álits umboðsmanns Alþingis dagsett 26. nóvember 2013 í máli nr. 7172/2012. Með bréfi dagsettu 20. febrúar 2014 ítrekaði forstjórinn kröfur sínar.

Með bréfi dagsettu 13. febrúar 2014 var forstjóranum tilkynnt að kjararáð hefði ákveðið, með vísan til álits umboðsmanns Alþingis nr. 7172/2012, að endurupptaka ákvörðun sína frá 26. júní 2012 um laun og önnur starfskjör forstjóra ÁTVR, en eins og áður sagði var tilefni þeirrar ákvörðunar ný löggjöf um verslun með áfengi og tóbak nr. 86/2011. Af þessu tilefni var forstjóranum gefinn kostur á að koma á framfæri frekari sjónarmiðum um þann þátt sem endurupptekinn var, til viðbótar þeim sjónarmiðum sem þegar lágu fyrir í málinu. Með bréfi dagsettu sama dag var fjármála- og efnahagsráðuneytinu tilkynnt um endurupptöku málsins og ráðuneytinu jafnframt gefinn kostur á að leggja fram greinargerð, sbr. 6. gr. laga um kjararáð, til viðbótar fyrri sjónarmiðum.

Frekari sjónarmið bárust ekki frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Forstjóri ÁTVR sendi kjararáði bréf dagsett 27. mars 2014. Bréfinu fylgdi ársskýrsla ÁTVR fyrir árið 2012 ásamt fleiri gögnum. Í bréfinu segir að forstjórinn hafi dregist verulega aftur úr í kjörum í samanburði við aðra sem heyra undir kjararáð og gegni sambærilegum störfum. Þá séu kjör forstjórans ekki samkeppnishæf við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Forstjórinn ítrekar kröfu um að kjararáð taki mið af raunverulegu umfangi starfsins og að tillit verði tekið til raunverulegs venjubundins vinnuframlags, starfsskyldna umfram dagvinnu og álags og ábyrgðar sem starfinu fylgi. Þá segir í bréfinu að umfang reksturs ÁTVR hafi aukist mjög á undanförunum árum og áratugum án þess að laun forstjóra hafi fylgt þeirri þróun. Þannig séu verslanir fyrirtækisins nú um 50 talsins um allt land en hafi verið 26 á árinu 1998. Vegna dreifðrar starfsemi kalli starf forstjóra á mikil ferðalög, samráð og eftirlit. Alls hafi 638 starfsmenn fengið greidd laun á árinu 2012 og ársverk verið 272. Fyrirtækið velti hátt í 30 milljörðum króna á ári og skili ríflega 1,2 milljarða

hagnaði í ríkissjóð. Í bréfi forstjórans er gerð grein fyrir starfsemi fyrirtækisins sem starfi samkvæmt lögum nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak. Segir meðal annars að ÁTVR hafi einkaleyfi til að selja og afhenda áfengi í smásölu og einkaleyfi til að selja tóbak í heildsölu. ÁTVR leggi á og innheimti tóbaksgjald af tóbaksvörum sem fluttar hafi verið til landsins eða séu framleiddar hér á landi. Fyrirtækið skuli tryggja að allt tóbak sé merkt. Einnig kemur fram að ÁTVR annist vöruval og innkaup í samræmi við reglugerð ráðherra. Þá hafi samfélagsleg ábyrgð ÁTVR verið aukin og undirstrikuð og feli meðal annars í sér að sérstaklega þurfi að huga að aðfangakeðju verslunarinnar og umhverfismálum ásamt því grundvallarhlutverki að vinna að markmiðum áfengisstefnu stjórnvalda. Samspilið á milli þessarar ábyrgðar og þjónustu við viðskiptavini sé ein helsta áskorun fyrirtækisins. Þá hafi kröfur til vandaðrar stjórnsýslu ÁTVR aukist með tilheyrandi álagi á reksturinn.

Eins og áður hefur komið fram ákvað kjararáð laun forstjóra ÁTVR þann 26. júní 2012 með ákvörðun nr. 2012.4.016, en sú ákvörðun hefur nú verið endurupptekin, sbr. bréf kjararáðs til forstjóra ÁTVR dagsett 13. febrúar 2014 og getið er hér að framan. Hér á eftir verða rakin bréfaskipti fyrri málsmeðferðar.

Kjararáð sendi forstjóra ÁTVR bréf dagsett 6. mars 2012 þar sem honum var tilkynnt að kjararáð hefði ákveðið að taka launakjör forstjóra ÁTVR til skoðunar með vísan til nýrra laga um verslun með áfengi og tóbak nr. 86/2011. Var í bréfinu óskað eftir upplýsingum um þær breytingar sem ný löggjöf kynni að hafa haft í för með sér fyrir starfsemi ÁTVR og starf forstjóra. Jafnframt var forstjóranum gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Með bréfi dagsettu 6. mars 2012 var fjármálaráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna málsins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um þær breytingar sem ný löggjöf kynni að hafa haft í för með sér fyrir starfsemi ÁTVR og starf forstjóra stofnunarinnar.

Forstjóri ÁTVR sendi kjararáði bréf dagsett 20. mars 2012. Í bréfinu krefst forstjórinn þess að kjararáð ákveði honum 65-80 yfirvinnustundir á mánuði og ákvörðunin gildi frá 23. febrúar 2009 þegar launalækkun samkvæmt lögum nr. 148/2008 tók gildi. Til vara óskar hann eftir að miðað verði við gildistöku laga nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak. Í bréfinu segir að fyrirtækið velti um 24 milljörðum króna, skili um 500 milljóna króna hagnaði, reki 50 vínbúðir og greiði nær 800 manns laun. Fyrirtækið sé því afar stórt á íslenskan mælikvarða í öllu almennu tilliti, en auk þess fari það með stjórnsýsluvald að því er varði meðferð og handhöfn einkasöluleyfa. Þegar horft sé til einingafjölda þeirra framkvæmdastjóra sem færðust undir ákvörðunarvald kjararáðs með lögum nr. 87/2009 verði ekki séð að kjararáð hafi gætt innbyrðis samræmis, en fjöldi eininga fyrrgreindra framkvæmdastjóra sé á bilinu 50-80 á mánuði. Einnig megi minna á að kjararáði beri í ákvörðunum sínum að líta til launakjara sambærilegra starfa á almennum markaði.

Forstjórinn gerir í bréfinu grein fyrir helstu nýmælum laga nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak sem gildi tóku í júní 2011. Megi þar fyrst nefna að stjórn hafi verið aflögð með lögnum. Þá hafi nú verið lögfest markmið um samfélagslega ábyrgð sem ekki hafi áður verið í lögum með sambærilegum hætti. Gerðar séu kröfur um vöruval, umbúðir og fleira. Þá hafi sérstök áfengisstefna verið birt í athugasemdum við frumvarpið sem varð að lögum nr. 86/2011 og sé fyrirtækinu ætlað að framfylgja þeirri stefnumörkun eftir því sem við eigi. Samkvæmt lögnum sé ÁTVR gert að starfa samkvæmt áfengisstefnunni með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi. Þessar kröfur leggi miklu ríkari skyldur á forstjóra en áður. Vöruvalsreglur ÁTVR séu nú í sérstakri reglugerð, en ákvarðanir sem lúti að vöruvali, handhöfn og meðferð einkaleyfis fyrirtækisins séu nú skilgreindar sem stjórnvaldsákvarðanir. Hertar vöruvalsreglur hafi leitt til þess að ágreiningsmálum hafi fjölgað mikið. Rekstur fyrirtækisins hafi orðið mun flóknari, erfiðari og tímafrekari í framhaldinu.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 30. mars 2012. Í bréfinu kemur fram að með nýjum lögum sé ÁTVR fengin skilgreind markmið á grundvelli opinberrar áfengisstefnu stjórnvalda sem birtist í greinargerð með frumvarpinu. Aðalmarkmið áfengisstefnunnar sé að stýra neyslu áfengis, vernda ungt fólk fyrir áfengi og leggja bann við auglýsingum og markaðstengdri starfsemi tengdri áfengi. Jafnframt sé lögð áhersla á heilsugæslu og forvarnir og vakin athygli á skaðsemi áfengis. Lögin feli einnig í sér nýjar kröfur og skilyrði um samfélagslega ábyrgð í rekstri og starfsemi ÁTVR. Gerðar séu sérstakar kröfur um vöruval verslunarinnar, umbúðir, þjónustu og upplýsingagjöf svo eitthvað sé nefnt. Þessar kröfur leggi mun ríkari skyldur á forstjóra ÁTVR en áður enda í flestum tilvikum um stjórnvaldsákvarðanir að ræða þar sem fylgja þurfi reglum stjórnsýslulaga. Óhjákvæmilegt sé að ríkari skyldur leiði til aukinnar ábyrgðar og fleiri verkefna. Slíkt skapi að öllu jöfnu viðbótarvinnuframlag hjá ábyrgðaraðila, í þessu tilviki forstjóra ÁTVR. Einnig hafi stjórn ÁTVR verið lögð af og beri forstjóri nú alla ábyrgð á stofnuninni.

Með bréfi dagsettu 2. apríl 2012 fékk forstjóri ÁTVR sent svar fjármálaráðuneytisins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þess.

Með bréfi forstjórans dagsettu 17. apríl 2012 voru fyrri sjónarmið um endurskoðun launakjara ítrekuð. Forstjórinn kom á fund kjararáðs hinn 8. júní 2012 og gerði grein fyrir helstu breytingum í starfsemi ÁTVR í kjölfar setningar nýrra laga um stofnunina.

Sjónarmið forstjórans vegna endurupptöku málsins eru rakin hér að framan í bréfi hans dagsettu 27. mars 2014.

III.

Lög um verslun með áfengi og tóbak nr. 86/2011 tóku gildi 30. júní 2011. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögunum segir að helstu breytingar frá eldri lögum séu ákvæði um samfélagslega ábyrgð ÁTVR, vöruvalsreglur og heimild ÁTVR til að hafna vörum á grundvelli þeirra sjónarmiða sem fram koma í vöruvalsreglunum. Þá sé stjórn stofnunarinnar lögð niður og heyri hún nú beint undir ráðherra. Fram kemur í frumvarpinu að lögð hafi verið áhersla á að styrkja stöðu ÁTVR sem einkasölu og veita stofnuninni tæki til að framfylgja stefnu stjórnvalda með virkari hætti. Ný áfengisstefna stjórnvalda fylgdi frumvarpinu en megininntak hennar felst í að lágmarka skaðlega neyslu áfengis. Á það bæði við heilsufarslegan og félagslegan skaða í samfélaginu. Sérstaklega er stefnt að því að vernda börn og unglinga gegn áfengi og markaðssetningu þess. Grunnstoðir áfengisstefnunnar eru starfræksla einkasölu ríkisins á áfengi, háir áfengisskattar og bann við áfengisauglýsingum og markaðsstarfsemi tengdri áfengi.

Samkvæmt 4. gr. laganna skal starfrækja sérstaka stofnun, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR, sem sinnir smásölu áfengis og heildsölu tóbaks undir stjórn ráðherra. ÁTVR skal haga starfsemi sinni í samræmi við áfengislög, tóbaksvarnalög og stefnu stjórnvalda á hverjum tíma. Starfsemi ÁTVR skal miðuð við að hún sé sem hagkvæmust og afli tekna sem nægi til að greiða rekstrarkostnað og skila hæfilegum arði til ríkissjóðs, m.a. með tilliti til þeirra eigna sem eru bundnar í rekstri stofnunarinnar. Meðal nýmæla laganna er ákvæði 2. gr. þar sem markmið laganna eru tilgreind, en þau eru að skilgreina umgjörð um smásölu áfengis og heildsölu tóbaks sem byggist á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð, að takmarka og stýra aðgengi að áfengi og tóbaki og draga þannig úr skaðlegum áhrifum áfengis- og tóbaksneyslu og að vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks og takmarka framboð á óæskilegum vörum. Verkefni ÁTVR eru tiltekin í 6. gr. laganna en þau helstu eru þessi: Innkaup á áfengi til smásölu og tóbaki til heildsölu, birgðahald og dreifing á áfengi til áfengisverslana, rekstur áfengisverslana og þjónusta við viðskiptavinum og heildsala og dreifing á tóbaki. Einnig á ÁTVR að tryggja að allt tóbak sé merkt samkvæmt lögum um tóbaksvarnir, sinna álagningu og innheimtu tóbaksgjalds og öðrum verkefnum sem tengjast smásölu á áfengi og heildsölu á

tóbaki. Þá segir í 10. gr. laganna að ÁTVR hafi einkaleyfi til að selja og afhenda áfengi í smásölu. Í 11. gr. laganna eru ákvæði um vöruval og innkaup ÁTVR á áfengi. Þar kemur meðal annars fram að ÁTVR skuli leitast við að innkaup séu í samræmi við alþjóðasáttmála. Í reglugerð nr. 755/2011 með síðari breytingum eru vöruvalsreglur ÁTVR skilgreindar nánar. Fjallað er um samfélagslega ábyrgð í 13. gr. laganna, en samkvæmt ákvæðinu skal ÁTVR starfa með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi og vinna gegn skaðlegri neyslu áfengis og tóbaks.

Samkvæmt 5. gr. laganna skipar ráðherra forstjóra ÁTVR til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi sem nýttist honum í starfi. Hann fer með stjórn stofnunarinnar, ber ábyrgð á daglegum rekstri og ræður aðra starfsmenn. Forstjóri ber ábyrgð á gerð ársskýrslu um rekstur og starfsemi ÁTVR og skal kynna hana fyrir ráðherra árlega.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað forstjóra ÁTVR laun þann 26. júní 2012 en tilefni ákvörðunarinnar voru ný lög um áfengi og tóbak nr. 86/2011. Mat kjararáðs var að augin verkefni og ábyrgð í kjölfar nýrrar löggjafar um starfsemi ÁTVR skyldu leiða til fjölgunar mánaðarlegra eininga, þó þannig að gætt væri þess innbyrðis samræmis sem ráðinu ber að hafa að leiðarljósi.

Eins og fram hefur komið ákvað kjararáð að endurupptaka ákvörðun sína um laun og önnur starfskjör forstjóra ÁTVR nr. 2012.4.016 frá 26. júní 2012 í ljósi álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 7172/2012. Einnig hefur komið fram að meginniðurstaða umboðsmanns var að rökstuðningur ákvörðunarinnar hefði ekki verið í samræmi við 22. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Samkvæmt lögum um kjararáð starfar ráðið í tvennu lagi, fimm manna og þriggja manna. Fullskipað kjararáð ákveður, samkvæmt 3. gr. laganna, laun forseta Íslands, þingfararkaup samkvæmt lögum nr. 88/1995 um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað og launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og héraðsdómara. Þriggja manna kjararáð, sbr. 4. gr. laganna, ákveður laun annarra sem undir valdsvið ráðsins heyra, þar á meðal laun forstjóra ÁTVR.

Hér að framan eru rakin þau viðmið sem kjararáði ber að gæta við ákvörðun launakjara, sbr. 8. gr. laga um kjararáð. Kemur þar fram að kjararáð skal við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna *sérstaklega* gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Einnig skal ráðið við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr.

Af þessu leiðir að við ákvörðun launakjara forstjóra ÁTVR ber ráðinu fyrst og fremst að gæta að innbyrðis samræmi hjá þeim hópi sem heyrir undir kjararáð. Við samanburð starfa og ábyrgðar verður einnig að hafa í huga að þeir aðilar sem taldir eru upp í 3. gr. laganna og fullskipað kjararáð ákveður laun gegna æðstu stöðum/störfum ríkisins samkvæmt kenningum um þrískiptingu valds þess. Þannig er við ákvörðun launakjara horft til fleiri þátta en stærðar

og umfangs stofnunar. Í þessu sambandi má nefna að í launaflokkum 140 til 142 eru til dæmis hæstaréttardómarar, rektor Háskóla Íslands, seðlabankastjóri og ráðuneytisstjórar. Í launaflokkum 137 til 139 eru, auk forstjóra ÁTVR, til dæmis lögreglustjórinn á höfuðborgar-svæðinu, ríkislögreglustjórinn og biskup Íslands.

Með vísan til 9. gr. laga um kjararáð hefur kjararáð og áður Kjaradómur og kjaranefnd ákveðið föst laun fyrir dagvinnu og einnig eftir atvikum önnur laun í formi eininga. Fjöldi eininga endurspeglar þó ekki raunvinnutíma viðkomandi forstöðumanns umfram dagvinnu, enda eru störf æðstu embættismanna og starfsskyldur þess eðlis að ekki eru skýr skil á milli dagvinnu og vinnu sem látin er í té utan venjulegs dagvinnutíma. Þannig er ekki unnt að leggja að jöfnu fjölda eininga og fjölda yfirvinnutíma enda miðast einingar ekki við tímamælingar. Líkt og forverar kjararáðs gerðu áður ákveður kjararáð heildarlaun þeirra sem undir ákvörðunarvald þess heyra.

Kjararáð starfar eftir lögum um kjararáð eins og þau eru á hverjum tíma og hefur lögunum verið breytt nokkrum sinnum. Þessar breytingar setja kjararáði óhjákvæmilega nokkrar skorður. Þannig var kjararáði með lögum nr. 148/2008 gert að lækka laun allra þeirra sem undir ráðið heyra um 5-15%, sbr. einnig lög nr. 127/2009. Með lögum nr. 87/2009 var nýr hópur framkvæmdastjóra hlutafélaga og dótturfélaga þeirra færður undir úrskurðarvald ráðsins en sá hópur hafði áður samið um kjör sín við stjórnir viðkomandi fyrirtækja eða stofnana. Með sömu lögum var einnig bætt við áður nefndu ákvæði um að ráðið skuli við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Launakjör þessa nýja hóps voru að jafnaði mun hærri en laun þess hóps sem fyrir heyrði undir kjararáð. Við flutning hans til kjararáðs voru laun hans lækkuð til muna og heildarlaun ákveðin með því að ákvarða mánaðarlaun og einingar eins og hjá öðrum sem undir kjararáð heyra. Engu að síður þurfti að gæta meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun þeirra lækkuðu óhóflega og kom það fram við ákvörðun einingafjölda.

Með nýrri löggjöf um starfsemi ÁTVR eru gerðar auknar kröfur um samfélagslega ábyrgð og stjórnsýslulega umsýslu. Við mat kjararáðs á launakjörum forstjóra ÁTVR hefur verið höfð hliðsjón af greinargerðum forstjórans og fjármála- og efnahagsráðuneytis sem raktar eru hér að framan og varða hina nýju löggjöf auk þess sem gætt er að því innbyrðis samræmi í launum forstjóra opinberra stofnana sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og lýst er að framan. Niðurstaða kjararáðs er því að fjölga skuli mánaðarlegum einingum forstjórans og er það óbreytt niðurstaða frá ákvörðun um laun hans nr. 2012.4.016 frá 26. júní 2012. Í eldri úrskurðum um laun og starfskjör forstjóra ÁTVR hefur komið fram það meginsjónarmið að eðlilegt sé að forstjóri ÁTVR gangi hvað næst ráðuneytisstjórum að launum. Þannig er forstjóri ÁTVR í hópi hæst launuðu embættismanna sem undir kjararáð heyra.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra ÁTVR skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2011 skulu mánaðarlaun forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, ÁTVR skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkí 138, krónur 790.919 frá 1. júlí 2011 til 29. febrúar 2012, krónur 818.601 frá 1. mars 2012 til 28. febrúar 2013 og krónur 845.205 frá 1. mars 2013.

Frá 1. júlí til 30. september 2011 skal að auki greiða forstjóra ÁTVR 15 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Á sama tíma er eining 1% af launaflokkí 502-126, eða 5.306 krónur.

Frá og með 1. október 2011 skal greiða forstjóra ÁTVR 31 einingu á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Frá sama tíma er eining 1% af launaflokki 502-132, krónur 6.473 frá 1. október 2011 til 29. febrúar 2012, krónur 6.700 frá 1. mars 2012 til 28. febrúar 2013 og krónur 6.918 frá 1. mars 2013.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra ÁTVR gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson